

GJALDSKRÁ

fyrir vatnsveitu Hrunamannahrepps 2012.

1. gr.

Vatnsgjald er 0,27% af fasteignamati íbúðarhúsa og lóða, þó að hámarki 60 þúsund og að lágmarki 28.300 þúsund krónur.

Vatnsgjald atvinnuhúsnæðis skal vera 0,15% af fasteignamati þó að lágmarki 70 þúsund krónur.

Vatnsgjald sumarhúsa skal vera 28.300 krónur.

2. gr.

Lágmarksheimæðagjald vatnsveitu í þéttbýlinu við Flúðir er kr. 211.729 m.v. 25 mm þvermál rörs og allt að 25 metra lengd heimæðar. Gjöldin miðast við að ídráttarrör fyrir heimlagir hafi verið lagt á frostfrítt dýpi frá tengistað við lóðamörk að inntaksstað mannvirkis og að lega og frágangur ídráttarrörsins hafi verið tekin út af starfsmönnum veitunnar. Miðað skal við að lengd heimæðar fari ekki yfir 25 m ella greiðist viðbótargjald.

Heimæðargjaldið hækkar í samræmi við aukinn sverleika og/eða lengd heimæðar sem hér segir:

| Þvermál rörs | Verð kr. | Verð á metra umfram 25 m kr. |
|--------------|-----------|------------------------------|
| 25 mm | 211.729 | 3.560 |
| 32 mm | 285.615 | 3.684 |
| 40 mm | 371.286 | 5.236 |
| 50 mm | 501.250 | 5.802 |
| 63 mm | 701.726 | 6.453 |
| 70 mm | 1.017.503 | 7.219 |

3. gr.

Í fyrirtækjum og annars staðar þar sem vatn er notað til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem í þeim er rekin, skal auk vatnsgjalds greiða sérstakt gjald, notkunargjald. Notkunargjald skal notandi að jafnaði greiða samkvæmt notkun vatns mældri í rúmmetrum. Notkunargjald er 24 kr./m³.

Fyrir rennismæla skal greidd mælaleiga á ári eftir stærð mælis:

| | |
|-------|------------|
| 15 mm | 7.988 kr. |
| 20 mm | 8.135 kr. |
| 25 mm | 10.472 kr. |
| 32 mm | 11.725 kr. |
| 50 mm | 17.266 kr. |
| 80 mm | 45.193 kr. |

4. gr.

Stofngjöld utan þéttbýlis skal reikna sérstaklega og miðað við að þau standi undir þeim kostnaði sem af verkinu hlýst. Landeigandi greiðir þann kostnað sem hlýst af tengingu kalds vatns inn á svæðið eða að býli.

Að auki skal landeigandi greiða kr. 27.038 á skipulagða lóð og lögbýli skal greiða kr. 129.833.

Við upphaf verksins skal greiða 65% af kostnaðaráætlun verksins og 35% greiðist þegar lagningu er lokið.

5. gr.

Gjalddagar vatnsgjalds eru þeir sömu og ákveðnir eru fyrir fasteignagjöld og skal innheimtu hagað á sama hátt og innheimtu þeirra.

6. gr.

Heimæðagjald miðast við byggingarvísitölu og uppfærist á hverju ári. Byggingarvísitala í nóvember 2011 er 558,2 stig.

7. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt af veitustjórn Hrunamannahrepps þann 21. nóvember 2011 og hreppsnefnd Hrunamannahrepps þann 1. desember 2011 í samræmi við heimild í 10. gr. laga nr. 32/2004 um vatnsveitur sveitarfélaga, 11. gr. reglugerðar um vatnsveitur sveitarfélaga nr. 401/2005 og III. kafla vatnalaga nr. 15/1923. Gjaldskrá þessi tekur gildi við birtingu og þá fellur úr gildi gjaldskrá vatnsveitu Hrunamannahrepps 2011, nr. 1015/2010.

Hrunamannahreppi, 1. desember 2011.

Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 27. desember 2011